



**Kveðja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
til heilbrigðisstarfsfólks
á Íslandi,
12. mars 2020**

Ágæta heilbrigðisstarfsfólk.

Mikið hefur mætt á ykkur að undanfögnu. Augljóst virðist að álagið mun aukast áður en okkur tekst að vinna bug á kórónuveirunni. Ég þakka ykkur fyrir að standa vaktina með okkur og fyrir okkur. Víðtækar aðgerðir stjórnvalda miða að því að verja líf og heilsu fólks. Allra mestu varðar að hjúkra þeim sem kunna að veikjast mest og þurfa á mestri aðhlyningu að halda. Þar verðið þið áfram í fararbroddi.

Ég óska ykkur velfarnaðar þessa erfiðu daga og ítreka þakkir mínar.